

**Þinggerð 65. ársþings KSÍ,  
haldið á Hilton Nordica, 12. febrúar 2011**

Eftir að síðasta knattspyrnutímabil hafði verið rifjað upp og Þórir Hákonarson, framkvæmdastjóri KSÍ, hafði minnst fallinna félaga í knattspyrnuhreyfingunni setti Geir Þorsteinsson, formaður KSÍ, þingið og mælti svo:

Ólafur Rafnsson, forseti Íþróttá-og Ólympíusambands Íslands,  
Helga Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ,  
Eggert Magnússon, heiðursformaður KSÍ,  
góðir þingfulltrúar.

Ársins 2010 verður minnst fyrir það að í fyrsta sinn fór Heimsmeistarakeppnin fram í Afríku. Úrslitakeppni HM 2010 fór fram í S-Afríku og var framkvæmd keppninnar gestgjöfunum til mikils sóma. Þessi fyrsta úrslitakeppni HM í Afríku sýndi að knattspyrnuíþróttin nýtur mikilli vinsælda í álfunni eins og um heim allan. Landslið Spánar varð heimsmeistari og lék allra liða best. Næsta úrslitakeppni HM fer fram í Brasilíu 2014 og verður dregið í riðla undankeppninnar í júlí í ár. FIFA hefur þegar ákveðið gestgjafa fyrir úrslitakeppni HM 2018 og 2022. Ný lönd fá heiðurinn, Rússland 2018 og Qatar 2022. Úrslitakeppni HM hefur mikla þýðingu fyrir útbreiðslu knattspyrnunnar og eykur ævinlega á vinsældir íþróttarinnar. Hér á landi var fylgst vel með og fleiri börn og unglingar fóru að sparka bolta.

A landslið karla leikur nú í undankeppni EM 2012 en úrslitakeppnin fer fram í Póllandi og Úkraínu. Eftir 3 leiki hefur liðið ekki náð stigi, ósigrar gegn Noregi, Danmörku og Portúgal eru staðreynd. Vitanlega er það metnaður KSÍ að gera betur og framundan eru 5 leikir á þessu ári sem gefa tækifæri til að bæta úr stigaleysi. Þegar hefur verið ákveðið að úrslitakeppni EM 2016 verði í Frakklandi og þar muni 24 lið taka þátt í stað 16 í Póllandi og Úkraínu.

Árangur U21 liðs karla vakti verðskuldaða athygli og ljóst að við eigum marga góða leikmenn í þessum aldursflokki. Þegar hafa margir þessara leikmanna skilað sér upp í A landsliðið og má segja að ákveðin kynslóðaskipti séu að eiga sér stað þar. U21 liðið tryggði sæti í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn með því að vinna Skota tvisvar í umspili, en úrslitakeppnin fer fram í Danmörku í júní á þessu ári. Þessir ungu og spræku strákar hafa svo sannarlega stolið hinni íslensku knattspyrnusenu og fangað huga knattspyrnuáhugafólks landsins. Það verður hverjum áhugamanni um knattspyrnu á Íslandi mikilvægt að fylgjast með þessum piltum í Danmörku og auðvitað um ókomna tíð.

Frammistaða yngri landsliða okkar gefur góð fyrirheit um framtíðina og sjaldan hafa okkar lið í heild sinni náð eins góðum árangri á alþjóðavettvangi. U17 ára lið karla og kvenna komust áfram í milliriðla fyrir EM 2011 sem og U19 ára lið kvenna. Þessi landslið eiga því möguleika á að leika í lokakeppni EM sem er glæsilegur árangur og sýnir vel hve öflugt uppbyggingarstarf fer fram innan aðildarfélaga KSÍ.

A landslið kvenna lauk þátttöku sinni í undankeppni HM og hafnaði í 2. sæti í sínum riðli. Þessi góði árangur nægði þó ekki til halda lengra í keppninni. Úrslitakeppnin fer fram í Þýskalandi í ár og verður eflaust glæsilegur vitnisburður um vöxt og framfarir í knattspyrnu kvenna. Í mars verður svo dregið í undankeppni EM 2013 en úrslitakeppnin fer fram í Svíþjóð.

Góðir þingfulltrúar.

Ársins 2010 verður auðvitað líka minnst fyrir það að nýtt nafn var ritað á Íslandsmeistarabikar karla. Ungt og efnilegt lið Breiðabliks varð sigurvegari eftir spennandi lokaumferðir í Pepsi-deildinni. Liðið gaf tóninn með skemmtilegri knattspyrnu. Það var skipað fjölmörgum ungum og efnilegum leikmönnum, sem höfðu hraða og góða boltatækni. Ný kynslóð íslenskra leikmanna er að koma fram á sjónarsviðið. Norðurland á nú aftur lið í efstu deild karla eftir langt hlé og er það vel en lið Þórs frá Akureyri komst upp ásamt Víkingi R. Þá var athyglisvert að sjá uppgang fyrir vestan með glæsilegum árangri Víkings frá Ólafsvík og BÍ/Bolungarvík sem bæði unnu sér sæti í 1. deild karla. FH vann KR örugglega í úrslitaleik VISA-bikarsins en leikurinn fór nú aftur fram í ágústmánuði.

Valur hélt áfram einokun sinni á Íslandsmeistararitlinum með því að sigrast í Pepsi-deild kvenna - fimmti sigurinn í röð. Þó verður að segjast að sennilega hafa aldrei áður jafn mörg lið keppt af svo mikilli hörku í efri hluta deildarinnar. En Valur var sem fyrr með besta liðið, frábæra leikmenn í öllum stöðum, og vann tvöfalt í ár - VISA-bikarinn var þeirra eftir sigur á Stjörnunni í úrslitaleik. ÍBV og Þróttur R. unnu sér sæti í efstu deild kvenna og Þróttur eftir langt hlé í hópi þeirra bestu.

Að vanda fór fram mikið starf í yngri flokkum og það sýnir vel hve mikið það var að aldrei fyrr í sögu KSÍ hafa liðin verði jafnmörg og leikirnir jafnmargir. Það ber að þakka fyrir þetta mikla og mikilvæga starf aðildarfélaga KSÍ.

Íslensk knattspyrna nýtur mikilla vinsælda hjá almenningi og umfjöllun fjölmiðla er mikil. Aldrei fyrr hafa jafnmargir árhorfendur mætt á leiki efstu deildar karla á einu tímabili eða tæplega 160 þúsund manns.

Fræðslustarf KSÍ er sífellt umfangsmeira og aldrei fyrr hefur KSÍ skipulagt jafnmarga fræðsluviðburði en metþátttaka var í þeim. Menntun þjálfara er grunnforsenda ef framfarir eiga að verða innan vallar. Fræðslustarfið skapar aukna þekkingu í knattspyrnuhreyfingunni og þannig vonandi aukna fagmennsku. Enn var aukið við fræðslustarf dómara og auk hefðbundinna þátta tóku 3 íslenskir dómarar þátt í nýju námskeiði UEFA fyrir unga og efnilega dómara.

Eins og fram kemur í ársreikningi 2010 voru rekstrartekjur KSÍ alls 723 m. kr. en rekstrargjöld 656 m. kr. Rekstrarhagnaður á hefðbundinni starfsemi var rúmar 67 m. kr. en með framlögum og styrkjum til aðildarfélaga og fjármagnsliðum varð niðurstaðan tap upp á tæpar 16 m. kr. Rétt er að taka fram að KSÍ hafði umsjón með greiðslu á hátt í 250 m. kr. til félaga í efstu deild karla sem ekki eru færðar í rekstrarreikningi KSÍ – þ. e. markaðs- og sjónvarpstekjur auk framlaga frá UEFA. Þetta samsvaraði 1/3 af rekstrartekjum KSÍ og var um 20 m. kr. pr. lið en skiptingin var hins vegar önnur í reynd.

Góðir þingfulltrúar.

Knattspyrnuleikurinn sjálfur hefur ekki breyst svo mikið í árána rás og þá á ég við knattspyrnulögin, reglurnar sem leikið er eftir. Innan vallar etja kappi tvö 11 manna lið og dómari og hans aðstoðarmenn sjá til þess að leikreglum sé fylgt. Þjálfun og undirbúningur leikmanna hefur tekið miklum framförum á liðnum árum, fagmennska aukist og æfinga- og keppnisaðstaðan batnað til mikilla muna. En breytingar utan vallar eða í umhverfi knattspyrnuleiksins hafa orðið mun meiri sl. áratugi. Kemur þar margt til. Efling knattspyrnunnar á heimsvísu og aukið fjármagn til leiksins hafa styrkt milliríkjasamtökin, UEFA og FIFA, sem hefur leitt til þess að þau hafa aukið fjárhagslegan stuðning við aðildarsambönd sín en um leið lagt auknar skyldur á þeirra herðar og hert kröfur á margan hátt. Yfirvöld hafa sýnt umhverfi leiksins vaxandi áhuga eins og til dæmis Evrópusambandið (samtök Evrópuríkja), sem hefur leitt til ýmis konar afskipta og flóknari reglugerða er varða knattspyrnuhverfið. Ýmsir hagsmunahópar, s. s. samtök leikmanna, félaga, hvers kyns umboðsmenn og viðskiptahópar, vilja svo líka hafa áhrif. Allt þetta samfara auknum vinsældum knattspyrnunnar á heimsvísu og miklum fjárhagslegum vexti hefur leitt til mikilla breytinga í heimi knattspyrnunnar. Knattspyrnusambönd hafa fundið fyrir þessum breytingum og hafa vitanlega þurft að laga sig að þeim. Það er hins vegar mikilvægt að knattspyrnusambönd haldi áfram að vera samnefnari aðildarfélaganna og þjóni hagsmunum heildarinnar.

Næsta sumar verður merkilegt í íslenskri knattspyrnusögu, ekki eingöngu vegna þess að U21 landslið karla mun leika í úrslitakeppni EM í fyrsta sinn, heldur vegna þess að þá mun 100. Íslandsmótið fara fram. Fyrsta Íslandsmótið fór fram árið 1912 og voru þáttökuliðin þrjú – Framarar, KR-ingar og Eyjamenn, sem lögðust í tveggja daga ævintýralegt ferðalag til að komast til leiks. KSÍ mun leggja sitt af mörkum til að gera 100. Íslandsmótið eins glæsilegt og kostur er. KSÍ hefur fengið styrk frá FIFA til að auka aðstoð sambandsins við aðildarfélög sín, sér í lagi í fræðslu-, þjálfunar- og dómaramálum. KSÍ mun hrinda því verkefni af stað og m. a. ráða starfsmenn til verksins á landsbyggðinni. KSÍ mun á næstu vikum gefa út mynddisk undir heitinu Tækniskóli KSÍ með æfingum fyrir yngstu iðkendur knattspyrnu sem sýnir hvernig þeir geta æft sig og þannig öðlast meiri knattækni. Mynddisknum verður dreift frítt til allra iðkenda aðildarfélaga KSÍ.

Stjórn KSÍ þakkar ykkur forystusveit íslenskrar knattspyrnu fyrir frábær störf á starfsárinu og fyrir gott samstarf. Það er fyrir ykkar miklu störf sem knattspyrnuhreyfingin á Íslandi stendur eins sterk og raun ber vitni. Ég óska ykkur gæfu á komandi keppnistímabili.

Ársþing KSÍ er vettvangur til umræðu og breytinga. Við hittumst hér til að ræða saman formlega, en ekki síður til þess að bera saman bækur okkar með óformlegum hætti. Staða íslenskrar knattspyrnu er traust þegar ég segi 65. ársþing Knattspyrnusambands Íslands sett.

---

#### Viðurkenningar fyrir síðasta starfsár

Geir Þorsteinsson afhenti Kjartani Þorbjörnssyni (Golla), ljósmyndara á Morgunblaðinu, viðurkenningu fyrir mikilvægt starf til kynningar á knattspyrnuþróttinni.

Geir Þorsteinsson afhenti jafnréttisviðurkenningu KSÍ til Ýrar Sigurðardóttur fyrir frumkvöðlastarf í tengslum við fótbolta fyrir börn með sérþarfir og til Knattspyrnudeildar Fylkis fyrir Sportklúbbinn, verkefni sem miðar af því að gefa 14-16 ára krökkum tækifæri að leika sér í íþróttum án keppni.

Geir Þorsteinsson afhenti grasrótaverðlaun KSÍ og UEFA. Veitt voru verðlaun í þremur flokkum og eru þessir flokkar ákveðnir af UEFA. Verðlaunin hlutu eftirfarandi:

Grasrótariðburður ársins – ÍA fyrir Norðurlásmótið,  
Grasrótariðburður stúlkna – KS fyrir Þæjumót TM,  
Grasrótariðburður fatlaðra – FH fyrir Special Olympics.

Geir Þorsteinsson afhenti Drago-styttturnar, til Breiðabliks í Pepsi-deild karla og til Víkings Reykjavík í 1. deild karla. Þá fékk Afturelding viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í 2. deild karla og Markaregn í 3. deild karla. Stjarnan og Valur fengu kvennabikarinn sem viðurkenningu fyrir heiðarlega framkomu í Pepsi-deild kvenna og Selfoss fyrir heiðarlega framkomu í 1. deild kvenna.

---

**Formaður KSÍ gerði tillögu um eftirtalda í kjörbréfanefnd og voru þeir sjálfkjörnir:**

Einar K. Jónsson, UMSK  
Þorsteinn Gunnarsson, ÍS  
Eiríkur Einarsson, ÍBR  
Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

**Formaður KSÍ gerði tillögu um 1. og 2. þingforseta:**

1. þingforseti: Guðmundur Pétursson  
2. þingforseti: Steinn Halldórsson  
og voru þeir báðir samþykktir af þingfulltrúum með lófataki. 1. þingforseti tók því næst við þingstjórn.

**Fram var borin tillaga um 1. og 2. þingritara:**

1. þingritari: Ágúst Ingi Jónsson  
2. þingritari: Klara Bjartmarz  
og voru þau bæði samþykkt með lófataki og tóku þegar til starfa.

---

**Ávörp gesta**

Helga Guðjónsdóttir, formaður Ungmennafélags Íslands, flutti kveðju frá ungmennafélagshreyfingunni. Hún sagði starf knattspyrnuforystunnar ómetanlegt fyrir íslenska þjóð, en starfið einkenndist af metnaði og hungri eftir árangri. KSÍ ætti drjúgan þátt í að byggja upp góða aðstöðu til iðkunar íþróttarinnar.

Ólafur Rafnsson, forseti Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, sagði að íþróttalegt starf KSÍ væri glæsilegt og til fyrirmyndar. Hann fagnaði sérstaklega góðri afkomu sambandsins. Ólafur nefndi að ýmsar hættur steðjuðu að íþróttahreyfingunni víða í Evrópu og nefndi fjármálin sérstaklega í því sambandi.

Sigurður Þórir Þorsteinsson, formaður Knattspyrnuþjálfarafélags Íslands, þakkaði gott samstarf við KSÍ. Hann rifjaði upp að á síðasta ári fagnaði þjálfarafélagið 40 ára afmæli og var tímamótanna m.a. minnst með ráðstefnu. Hann hvatti félög til að ráða menntaða þjálfara til starfa og báða aðila til að standa við gerða samninga.

---

**Álit kjörbréfanefndar**

Einar Kr. Jónsson flutti álit kjörbréfanefndar.

Frá HSB (1): Magnús Pálmi Örnólfsson.

Frá HSH (2): Helgi Kristjánsson og Magnús Gylfason.

Frá HSK (9): Óskar Sigurðsson, Þorsteinn Magnússon, Eyjólfur Harðarson, Valgeir Ásgeirsson, Einar Karl Þórhallsson, Gestur Guðjónsson, Viktor Steingrímsson, Guðbjartur Örn Einarsson og Sveinbjörn Másson.

Frá HSV (2): Jóhann K. Torfason og Samúel S. Samúelsson.

Frá HSB (2): Sveinn Aðalsteinsson og Þorsteinn Þormóðsson.

Frá ÍA (2): Gísli Gíslason og Sigrún Ríkhardsdóttir.

Frá ÍBA (7): Unnsteinn Jónsson, Páll Gíslason, Hanna Dóra Markúsdóttir, Hlynur Birgisson, Óskar Þór Halldórsson, Bjarni Áskelsson og Páll S. Jónsson.

Frá ÍBH (7): Jón Björn Skúlason, Elías Atlason, Agnar Steinn Gunnarsson, Jón Rúnar Halldórsson, Lúðvík Arnarson, Pétur Ó. Stephensen og Viðar Halldórsson.

Frá ÍRB (6): Ólafur Bjarnason, Jón S. Ólafsson, Oddur Sæmundsson, Hjörleifur Stefánsson, Guðmundur R. Jónsson og Leifur Gunnlaugsson.

Frá ÍBR (34): Kjartan Daníelsson, Guðrún Hjartardóttir, Jón Vilhjálmsson, Baldur Stefánsson, Jónas Sigurðsson, Friðjón R. Friðjónsson, Stefán Sv. Gunnarsson, Kjartan Orri Sigurðsson, Björn Guðbjörnsson, Jón Sigurðsson, Magnús Þorsteinsson, Kári Arnþórsson, Einar Hermannsson, Guðni Þórisson, Hallgrímur Friðgeirsson, Karl Antonsson, Úlfhildur Ösp Indriðadóttir, Páll Kristjánsson, Arnar Einarsson, Oscar Clausen, Björn Einarsson, Heimir Gunnlaugsson, Eiríkur Þ. Einarsson, Sigurður Sveinbjörnsson, Ragnar Þór Emilsson, Erling Hafþórsson, Helgi Þorvaldsson, Einar Guðnason, Rúnar Óskarsson, Ámundi Halldórsson, Jónas Kristinsson, Þorvaldur Örylgsson, Bjarni Björnsson og Said Lahklifi.

Frá UÍF (2): Hlynur Guðmundsson og Heiðar Gunnólfsson.

Frá ÍBV (2): Óskar Örn Ólafsson og Trausti Hjaltason.

Frá ÍS (7): Þorsteinn Gunnarsson, Jónas Þórhallsson, Eiríkur Leifsson, Sigurður Halldórsson, Eysteinn Guðvarðarson, Sigurður Jóhannsson og Jóhann Magni Jóhannsson.

Frá UMSE (2): Björn Friðbjólfsson og Kristinn Þór Björnsson.

Frá UMSB (1): Kristmar Ólafsson.

Frá UMSK (18): Almar Guðmundsson, Gunnar Leifsson, Einar Kristján Jónsson, Svavar Jósefsson, Ólafur Björnsson, Ingvi J. Ingvason, Viggó Magnússon, Baldur Már Bragason, Ómar Geir Þorgeirsson, Hilmar Sigurðsson, Jón Sigurðsson, Haukur Harðarson, Erlendur Örn Fjeldsted, Hallur Birgisson, Bjarki Már Sverrisson, Valdimar Leó Friðriksson, Kolbrún Þorsteinsdóttir og Hanna Símonardóttir.

Frá UMSS (1): Ómar Bragi Stefánsson.

Frá USAH (1): Björn Friðriksson.

Frá USÚ (1): Valdemar Einarsson.

Enginn mætti frá: HHF, HSS, UDN, UÍA, USVH og USVS

Fyrirnefndir 107 fulltrúar mættu til þings og voru kjörbréf þeirra einróma samþykkt. Auk þeirra sátu fjölmargir varafulltrúar ársþingið.

---

### **Framkvæmdastjóri KSÍ, Þórir Hákonarson, gerði grein fyrir skýrslu stjórnar.**

Þórir vakti sérstaka athygli á tveimur atriðum í skýrslunni. Annars vegar á þátttöku KSÍ í samfélagsverkefnum og hins vegar á kjöri leikmanna í Pepsi-deild kvenna á besta dómara deildarinnar. Þetta var í fyrsta skipti sem slíkt val fór fram í deildinni og varð Guðrún Fema Ólafsdóttir fyrir valinu.

### **Gjaldkeri KSÍ, Guðrún Inga Sívertsen, skýrði reikninga sambandsins og Laugardalsvallar.**

Rekstrartekjur KSÍ á árinu 2010 námu 723 milljónum króna samanborið við 703 milljónir króna á árinu 2009. Hækkun rekstrartekna skýrist fyrst og fremst af hækkun sjónvarpstekna og auknu framlagi frá FIFA. Rekstrarkostnaður KSÍ var undir áætlaðri upphæð eða um 656 milljónir króna. Rekstrarhagnaður ársins nam rúmum 67 milljónum króna, en áætlanir gerðu ráð fyrir rúmlega 32 milljóna króna hagnaði. Styrkir og framlög til aðildarfélaganna á árinu námu um 83 milljónum króna vegna barna- og unglíngastarfs, leyfiskerfis og fleira. Samþykkt áætlun gerði ráð fyrir styrkjum að fjárhæð 47 milljónir króna. Jöfnuður var milli fjármunatekna og fjármagnsgjalda KSÍ á árinu 2010 um 23 milljónir króna hvor liður. Að teknu tilliti til styrkja og framlaga til aðildarfélaganna nam tap ársins tæpum 16 milljónum króna. Fjárhagsstaða KSÍ er traust við áramót, lausafjárstaða góð, handbært fé um 320 milljónir króna og eigið fé um 218 milljónir króna.

### **Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga**

Gísli Gíslason tók til máls og óskaði KSÍ til hamingju með reikningana. Sagði að samt blikkuðu gul ljós þar sem tekjur væru í erlendri mynt, en kostnaður í innlendri. Hann sagði að hægt væri að þjarma betur að ríkisvaldinu til að fá meira fjármagn inn í hreyfinguna. Hægt væri að meta framlag félagsmanna til verðmæta í ársreikningum, þannig sæist hversu mikils virði það væri.

Valdimar Leó Friðriksson tók til máls og ítrekaði að brýnt væri að berja betur á ríkisvaldinu og byrja mætti á ÍSÍ-þingi sem væri framundan.

**Reikningar sambandsins voru samþykktir einróma.**

---

**Afgreiðsla tillagna á þingskjölum 6 - 11**

Tillögur á þingskjölum 6 til 11 voru bornar upp og teknar til afgreiðslu.

## Þingskjal 6

Þórir Hákonarson hafði framsögu.

## Rekstraráætlun 2011

	Skýr.				
			Áætlun 2011	Niðurstaða 2010	Áætlun 2010
<b>Rekstrartekjur</b>					
Styrkir og framlög	1		416.300.000	362.884.653	365.000.000
Tekjur af landsleikjum			27.000.000	38.767.952	32.300.000
Sjónvarpsréttur			216.000.000	215.857.000	200.000.000
Aðrar rekstrartekjur			30.450.000	42.332.356	26.350.000
Rekstrartekjur Laugardalsvallar			64.860.000	63.567.047	65.510.000
			<b>754.610.000</b>	<b>723.409.008</b>	<b>689.160.000</b>
<b>Rekstrargjöld</b>					
Kostnaður við landslið	2		-270.385.000	-245.122.610	-256.600.000
Mótakostnaður			-111.300.000	-110.276.596	-101.100.000
Fræðslukostnaður			-32.550.000	-24.520.002	-25.280.000
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	3		-166.500.000	-158.702.002	-161.400.000
Húsnæðiskostnaður			-19.000.000	-18.252.961	-19.000.000
Annar rekstrarkostnaður			-11.500.000	-12.952.917	-3.500.000
Rekstrargjöld Laugardalsvallar			-55.750.000	-48.559.213	-54.825.000
Afskriftir			-31.000.000	-37.436.213	-30.000.000
			<b>-697.985.000</b>	<b>-655.822.514</b>	<b>-651.705.000</b>
<b>Hagnaður fyrir aðrar tekjur og gjöld</b>		<b>56.625.000</b>	<b>67.586.494</b>	<b>37.455.000</b>	
<b>Aðrar tekjur og gjöld</b>					
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs KSÍ			25.000.000	37.971.409	30.000.000
Framlög úr mannvirkjasjóði KSÍ			-25.000.000	-37.971.409	-30.000.000
Styrkir og framlög til aðildarfélaganna			-69.000.000	-83.331.236	-47.000.000
Fjármunatekjur			15.000.000	22.918.514	30.000.000
Fjármagnsgjöld			-1.000.000	-1.516.901	-15.000.000
Gengismunur			0	-21.418.299	0
			<b>-55.000.000</b>	<b>-83.347.922</b>	<b>-32.000.000</b>
<b>Hagnaður/tap ársins</b>			<b>1.625.000</b>	<b>-15.761.428</b>	<b>5.455.000</b>

## Skýringar

	Áætlun 2011	Staða 2010	Áætlun 2010
<b>1. Styrkir og framlög</b>			
ÍSí	21.700.000	24.015.098	21.000.000
Getraunir	5.000.000	5.112.405	4.000.000
UEFA styrkir	264.600.000	234.065.000	260.000.000
FIFA styrkur	75.000.000	60.692.150	30.000.000
Ýmsir styrkir	50.000.000	39.000.000	50.000.000
	<b>416.300.000</b>	<b>362.884.653</b>	<b>365.000.000</b>
<b>2. Kostnaður við landslið</b>			
A-landslið karla	89.940.000	92.497.955	105.690.000
U-21 landslið karla	37.890.000	30.771.328	22.630.000
U-19 landslið karla	12.070.000	11.799.493	13.880.000
U-17 landslið drengja	22.820.000	8.400.453	11.840.000
A-landslið kvenna	57.845.000	46.225.482	56.030.000
U-19 landslið kvenna	16.625.000	19.676.902	16.200.000
U-17 landslið stúlkna	16.100.000	15.767.117	14.880.000
Sameiginlegur landsliðskostnaður	17.095.000	19.983.880	15.450.000
	<b>270.385.000</b>	<b>245.122.610</b>	<b>256.600.000</b>
<b>3. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður</b>			
Launakostnaður	92.900.000	88.724.761	90.550.000
Launatengd gjöld	22.500.000	21.762.482	17.500.000
Skrifstofu- og nefndakostnaður	51.100.000	48.214.759	53.350.000
	<b>166.500.000</b>	<b>158.702.002</b>	<b>161.400.000</b>

Fjárhagsáætlun á þingskjal 6 var samþykkt samhljóða.

**Þingskjal 7**

Geir Þorsteinsson hafði framsögu.

**Tillaga stjórnar KSÍ**

– Nýtt félag taki sæti í 2. deild í stað félaga sem hætt hafa starfsemi –

**Tillaga:**

65. ársþing KSÍ samþykkir að KF (Knattspyrnufélag Fjallabyggðar) taki sæti KS/Leifturs í mótum á vegum KSÍ frá og með keppnistímabilinu 2011, þ.m.t. sæti KS/Leifturs í 2. deild karla fyrir keppnistímabilið 2011.

**Greinargerð:**

KS (Knattspyrnufélag Siglufjarðar) og Knattspyrnudeild Leifturs hafa undanfarin ár teft fram sameiginlegu liði KS/Leifturs sem sæti á í 2. deild karla. Félögin hafa nú sameinast undir merki nýs félags, Knattspyrnufélags Fjallabyggðar, og mun það félag yfirtaka alla þá knattspyrnustarfsemi sem KS og Leiftur höfðu með að gera áður.

**Stjórn KSÍ**

Tillaga á þingskjali 7 var samþykkt samhljóða.

**Þingskjal 8**

Framsögu hafði Óskar Sigurðsson.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– 7 varamenn í 1.deild karla–**

Lagt er til við stjórn KSÍ að breyting verði gerð á ákvæði 9.2. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

**Greinin hljóðar svo:**

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðsstjórnar, sbr. þó grein 9.4.

**Greinin hljóði svo:**

9.2. Í keppni 11 manna liða mega varamenn ekki vera fleiri en 5 og skulu þeir skráðir á leikskýrslu. Í Pepsi-deild, **1. deild karla**, bikarkeppni KSÍ í meistaraflokki (aðalkeppni) og meistarakeppni KSÍ, mega varamenn þó vera allt að 7 og allt að 7 menn í liðsstjórn. Leikmenn skulu skráðir í númeraröð á leikskýrslu og skal tilgreina kennitölu þeirra og liðsstjórnar, sbr. þó grein 9.4.

**Greinargerð:**

Knattspyrnudeild UMF Selfoss gerir tillögu um breytingar á reglugerð KSÍ um fjölda varamanna í 1. deild karla. Helstu ástæður fyrir breytingunni er að hún veitir yngri leikmönnum liðana fleiri tækifæri, því oft þróast leikir þannig að tækifæri myndast fyrir unga leikmenn. Einnig fá ungir leikmenn að kynnast umgjörð leikja fyrr. Þessi breyting ætti að vera tímabær þar sem metnaður félaganna í 1. deild er mjög mikill og óhætt að fullyrða að öll stefna þau að sæti í efstu deild á næstu árum. Við þessa breytingu færast 1. deild klárlega nær Pepsi-deild og bikarkeppninni hvað umgjörð varðar.

**Knattspyrnudeild Selfoss**

Gísli Gíslason tók til máls og hvatti til þess að tillagan yrði samþykkt.

Tillaga á þingskjali 8 var samþykkt samhljóða.



**Þingskjal 9**

Framsögu hafði Svavar Jósefsson.

**Ályktunartillaga um breytingu  
á reglugerð KSÍ um knattspyrnumót  
– Eldri flokkur karla 50 ára og eldri –**

Lagt er til við stjórn KSÍ að bætt verði við reglugerð KSÍ um knattspyrnumót ákvæði um eldri flokk karla 50 ára og eldri:

**Tillaga:**

Að haldið verði Íslandsmót fyrir keppendur 50 ára og eldri. Sömu reglur gildi fyrir það og Íslandsmót fyrir 40 ára og eldri. Keppt verði í 7 manna liðum á ½ velli. Heimalið verði ábyrgt fyrir að útvega völl og dómara.

**Greinargerð:**

Sífelld fleiri og fleiri stunda knattspyrnu lengur. Nú er svo komið að stór hópur knattspyrnumanna kemst ekki að á Íslandsmóti 40 ára og eldri því hópurinn er orðinn það stór og getumunurinn er orðinn of mikill. Mikilvægt er að KSÍ útvegi þessum hópi verkefni við hæfi. Þessi hópur gegnir mikilvægu hlutverki innan félaganna meðal annars með öflugum sjálfbóðaliðastarfi í kringum yngri flokka og heimaleiki meistaraflokka félagsins. Einnig sinna margir stjórnarstörfum og koma að fjáröflunum knattspyrnufélaganna. Það er mjög mikilvægt að halda þessum einstaklingum í nánum tengslum við félögin til að missa þá ekki úr virku félagsstarfi. Einnig er vert að minna á að í 2. grein knattspyrnulaganna segir að KSÍ sé falið það hlutverk að efla knattspyrnu í landinu. Síðar segir í sömu grein að sambandið skuli gera það með jafnræði og jafnrétti í huga og að allir skuli hafa jafnan rétt.

**Knattspyrnudeild Breiðabliks / Knattspyrnudeild Fylkis**

Tillagan á þingskjali 9 var samþykkt samhljóða

**Þingskjal 10**

Framsögu hafði Þórir Hákonarson.

**Ályktun um Íþróttaslysasjóð**

**Ályktun**

Ársþing KSÍ mótmælir því harðlega að fjárframlög til Íþróttaslysasjóðs séu skert í stað þess að þau séu aukin í samræmi við fjölgun umsókna og íþróttafólk sé ekki tryggt í samræmi við áður samþykkt reglugerð um slysatryggingar íþróttafólks ef slys ber að höndum.

**Greinargerð:**

Í lögum um almannatryggingar er skýrt að íþróttafólki skulu tryggðar slysatryggingar en í erindi frá ÍSÍ frá haustdögum 2010 er tilkynnt að afgreiðslu umsókna í Íþróttaslysasjóð vegna slysa á árinu 2010 sé frestað um óákveðinn tíma. Ástæða þessa er lækkun framlags velferðarráðuneytis í sjóðinn auk þess sem fjöldi umsókna hefur aukist og ekki er fjármagn í sjóðnum til þess að hann standi undir hlutverki sínu. Er það von aðildarféлага KSÍ að ráðherra velferðarmála tryggi frekari framlög til sjóðsins svo reka megji lögbundinn sjóð í samræmi við yfirlýst hlutverk hans. Það er með öllu óviðunandi að íþróttafólk og íþróttafélög séu í mikilli óvissu um framtíð sjóðsins og að enn frekar séu framlög til íþróttahreyfingarinnar skorin niður. Með þeirri ákvörðun að fresta afgreiðslu umsókna vegna slysa sem eiga sér stað á árinu 2010 og 2011 er verulegum kostnaði varpað yfir á iðkendur íþróttar og þau aðildarfélag sem byggja íþróttahreyfinguna í landinu og ljóst að undir þeim kostnaðarauka geta þessir aðilar ekki staðið.

**Stjórn KSÍ**

Gylfi Þór Orrason tók til máls og lagði til að tillagan yrði samþykkt og stjórnvöldum sýnt rauða spjaldið.

Tillaga á þingskjali 10 var samþykkt samhljóða.

**Þingskjal 11**

Guðrún Inga Sívertsen gerði grein fyrir niðurstöðu starfshópsins.

**Niðurstaða starfshóps um framkvæmd jafnréttisáætlunar**

Þremur tillögum frá ársþingi 2010 var vísað til umfjöllunar í starfshópi um framkvæmd jafnréttisáætlunar.

**Þingskjal 16 frá ársþingi 2010** – Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um knattspyrnudómara og eftirlitsmenn. Tillagan gerði ráð fyrir að A dómárar dæmdu alla leiki í Pepsi-deild kvenna og leiki í undanúrslitum og úrslitum bikarkeppni kvenna.

Flokkunarkerfi dómara í A, B, og C deildadómara hefur þegar verið afnumið og nú þegar eru skipaðir eftirlitsmenn á alla leiki í efstu deild kvenna.

Starfshópurinn lýsir yfir stuðningi sínum við það starf sem er í gangi við fjölgun kvendómara og að stefna UEFA/FIFA um að kvenleikir séu dæmdir af kvendómurum nái fram að ganga á Íslandi. Hópurinn fagnar ennfremur þeim árangri sem náðst hefur á fáum árum í fjölgun kvendómara á Íslandi og lýsir eftir aðgerðaráætlun til að framfylgja stefnu UEFA/FIFA.

**Þingskjal 17 frá ársþingi 2010** - Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Leikmannasamningar í 1. deild kvenna. Tillagan gerði ráð fyrir að heimilt yrði að gera leikmannasamninga í 1. deild kvenna.

Starfshópurinn fékk umsögn frá Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ um tillöguna. Hópurinn fór yfir stöðuna í 1. deild kvenna meðal annars með tilliti til þátttöku félaga en ekki eru öll félög með stöðuga þátttöku á milli ára. Einnig var í þessu samhengi rætt um rétt leikmanna. Það er niðurstaða hópsins að 1. deild kvenna geti ekki talist vera sambærileg við 1. deild karla hvað varðar rekstrarumhverfi og fleira og því séu ekki forsendur til þess að gera leikmannssamninga (professional samninga) í 1. deild kvenna.

**Þingskjal 22 frá ársþingi 2010** - Ályktunartillaga um breytingu á reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga – Stuðlar leikmanna. Tillagan gerði ráð fyrir að fella út ákvæði um að stuðull kvenna væri 1 en með því fella þetta ákvæði brott myndi sami margfeldisstuðull verða hagnýttur bæði fyrir karla og konur.

Starfshópurinn fékk umsögn frá Samninga- og félagaskiptanefnd KSÍ um tillöguna. Starfshópurinn telur að svo margt hafi breyst síðan að stuðlakerfi KSÍ var tekið upp fyrir ca. 20 árum að full ástæða sé til þess að skoða stöðuna í tengslum við konur. Það er hins vegar skoðun hópsins að ekki sé forsenda fyrir því að yfirfæra það stuðlakerfi sem nú er til staðar fyrir karla beint yfir á konur enda er það stuðlakerfi að sumu leyti úrelt og líklegt er að því verði breytt í framtíðinni. Starfshópurinn leggur til að stjórn KSÍ skipi starfshóp sem hefur það hlutverk að undirbúa breytingu á reglugerð KSÍ um samninga og stöðu leikmanna og félaga á þann hátt að tekið verði upp uppeldisbótakerfi með hliðsjón af reglum FIFA og þeirri þróun sem á sér stað á víða á Norðurlöndunum. Stefnt verði að því að slíkt kerfi yrði tilbúið haustið 2011 og myndi fyrst í stað eingöngu eiga við konur. Búast má við að slíkt kerfi taki við af núverandi stuðlakerfi karla í framtíðinni og þá væri hægt að nýta þá vinnu og þá reynslu væri af nýju kerfi kvenna.

**Starfshópur um framkvæmd jafnréttisáætlunar**

Almar Guðmundsson tók til máls og fagnaði niðurstöðum starfshópsins. Hann gerði athugasemdir við að flutningsmenn tillögunnar á síðasta ársþingi hefðu ekki fengið tækifæri til að koma að vinnu starfshópsins.

**Önnur mál:**

Þórir Hákonarson flutti yfirlit um breytingar á reglugerðum KSÍ á liðnu starfsári og jafnframt var breytingunum dreift til allra þingfulltrúa.

Sigurður Ragnar Eyjólfsson flutti erindi um Tækniskóla KSÍ, en á næstunni verður mynddiski dreift til allra knattspyrnuíðkenda 16 ára og yngri á landinu, alls um 17 þúsund diskum.

Willum Þór Þórsson gerði grein fyrir fyrsta landsliðsverkefni Íslands í futsal en íslenska landsliðið tók þátt í undankeppni EM 2012 og fór riðill Íslands fram hér á landi. Fyrsti landsleikur Íslands í futsal var gegn Lettum, og tapaðist leikurinn naumlega 4-5.

**Kosningar**

Álit kjörnefndar flutti Gísli Gíslason formaður.

**Kosning formanns:**

Kjörnefnd gerði tillögu um Geir Þorsteinsson sem formann KSÍ til næstu tveggja ára. Var hann sjálfkjörinn með lófataki.

**Kosning til aðalstjórnar til tveggja ára:**

Einar Hermannsson, ÍBR  
Gylfi Þór Orrason, ÍBR  
Guðrún Inga Sívertsen, ÍBR  
Róbert Agnarsson, ÍBR  
Vignir Már Þormóðsson, ÍBA

Kosning fór fram samkvæmt lögum KSÍ. 107 þingfulltrúar höfðu rétt til að greiða atkvæði, 106 seðlum var dreift til fulltrúa, 105 skiluðu sér til baka í kjörkassana og einn seðill var auður. Atkvæði féllu sem hér segir:

Einar Hermannsson	41 atkvæði
Gylfi Þór Orrason	90 atkvæði
Guðrún Inga Sívertsen	104 atkvæði
Róbert Agnarsson	90 atkvæði
Vignir Már Þormóðsson	91 atkvæði

Gylfi Þór Orrason, Guðrún Inga Sívertsen, Róbert Agnarsson og Vignir Már Þormóðsson eru því réttkjörin í aðalstjórn KSÍ til tveggja ára.

**Kosning aðalfulltrúa landshluta til eins árs:**

Vesturland	Jakob Skúlason, UMSB
Norðurland	Björn Friðþjófsson, UMSE
Austurland	Valdimar Einarsson, UÍA
Suðurland	Tómas Þóroddsson, HSK

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning til varastjórnar til eins árs**

Jóhannes Ólafsson, ÍBV  
Sigvaldi Einarsson, USMK  
Þórarinn Gunnarsson, ÍBR  
Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning varafulltrúa landshluta til eins árs**

Vesturland	Jóhann Torfason, HSV
Norðurland	Ómar Bragi Stefánsson, UMSS
Austurland	Magnús Ásgrímsson, UÍA
Suðurland	Trausti Hjaltason, ÍBV

Allir ofantaldir voru sjálfkjörnir.

**Kosning fulltrúa á íþróttaping ÍSÍ**

Tillaga kjörnefndar um að vísa skipun fulltrúa á íþróttaping til stjórnar KSÍ var samþykkt.

**Kosning skoðunarmanna reikninga KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda sem skoðunarmenn KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Hannes Þ. Sigurðsson Haukur Gunnarsson
Varamenn	Reynir Karlsson Elías Hergeirsson

**Kosning í áfrýjunardómstól KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í áfrýjunardómstól KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Sigurður G. Guðjónsson Guðmundur Pétursson Vilhjálmur H. Vilhjálmsson
Varamenn	Brynjar Níelsson Guðmundur Þórðarson Hörður Felix Harðarson Jóhannes Albert Sævarsson Lúðvík Örn Steinarsson

**Kosning í leyfisráð**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisráð til tveggja ára var samþykkt:

Lúðvík Georgsson, formaður  
Eggert Steingrímsson  
Guðmundur H. Pétursson  
Stefán Bergsson  
Örn Gunnarsson

**Kosning í leyfisdóm**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í leyfisdóm til tveggja ára var samþykkt:

Sveinn Jónsson, formaður  
Elías Hergeirsson  
Ragnar Gíslason  
Rúnar Gíslason  
Stefán Gunnlaugsson

**Aga-og úrskurðarnefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ til tveggja ára var samþykkt:

Gunnar Guðmundsson, formaður  
Halldór Frímannsson, varaformaður  
Sigurður Ingi Halldórsson, varaformaður  
Einar M. Árnason  
Helgi R. Magnússon  
Sigrún S. Óttarsdóttir

Sigurður Guðmundsson  
Pröstur Ríkharðsson

**Kjörnefnd**

Gerð var tillaga um eftirtalda í kjörnefnd og voru þeir sjálfkjörnir:  
Gísli Gíslason, formaður  
Steinn Halldórsson  
Unnsteinn Jónsson

**Endurskoðandi**

Gerð var tillaga um Björn Inga Victorsson sem endurskoðanda KSÍ og var hann sjálfkjörinn.

**Kosning í síðanefnd KSÍ**

Tillaga kjörnefndar um eftirtalda í síðanefnd KSÍ til eins árs var samþykkt:

Aðalmenn	Albert Eymundsson Kristrún Heimisdóttir
Varamenn	Helgi Þorvaldsson Hanna Sigríður Sigurðardóttir

---

**Þingforsetum og þingriturum var falið að ganga frá þinggerð.**

---


**Þingslit**

Guðmundur Pétursson, 1. þingforseti, þakkaði þingheimi góða fundarsetu og góða starfshætti og starfsmönnum fyrir þeirra störf. Hann fól að því loknu Geir Þorsteinssyni formanni KSÍ að slíta 65. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.

Geir Þorsteinsson þakkaði þingfulltrúum gott og málefnalegt þing. Hann sagði það sitt verkefni og stjórnarinnar að láta störfin endurspeglja þann samhljóm og þá samstöðu sem hefðu einkennt þingstörfin. Að því loknu sleit Geir Þorsteinsson 65. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands.



Guðmundur Pétursson  
1. þingforseti  
(sign.)



Ágúst Ingi Jónsson  
1. þingritari  
(sign.)



Steinn Halldórsson  
2. þingforseti  
(sign.)



Klara Bjartmarz  
2. þingritari  
(sign.)